

## Helstu verkefni SSNE frá ársþinginu 9.-10. október 2020.

### Uppbyggingarsjóður (glæra 2).

Stærsta einstaka verkefni SSNE síðustu tvo mánuði hefur snúið að Uppbyggingarsjóði, en mikið var lagt upp úr því að hvetja athafnafólk úr öllum aðildarsveitarfélögum SSNE til umsóknna. Það er ljóst að það er mikið og krefjandi verk fyrir höndum hjá úthlutunarnefnd, en formaður nefndarinnar Katrín Sigurjónsdóttir, mun fara yfir störf nefndarinnar síðar á þessum fundi.

### Byggðaáætlun (glæra 3).

Á liðnum vikum hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið ásamt Byggðastofnun boðað til samráðsfunda með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga vegna stöðumats og endurskoðunar byggðaáætlunar. Tilgangur fundanna var að fá mat á framkvæmd byggðaáætlunar og kalla eftir skoðunum á því hverjar væru helstu áskoranir og lykilvergæfingsefni næstu áætlunar. Haldinn var sameiginlegur fundur með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og starfsmönnum SSNE þar sem umræðuefni voru fjölbreytt, enda áskoranir margar. Stefnt er að því að tillaga til þingsályktunar verði lögð fram í samráðsgátt næsta vor eftir samráð í öllum landshlutum.

SSNE sótti um átta styrki úr gildandi byggðaáætlun undir lið C.1 sem hugsaður er til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða. Til úthlutunar að þessu sinni voru 109 m.kr. og hlutu þrjár umsóknir í okkar landshluta brautargengi fyrir alls 56 m.kr. Verkefni eru Hraðið, uppbygging frumkvöðlaseturs á Húsavík, sem fékk úthlutað 19 m.kr., Friðlandsstofa, anddyri friðlands Svarfdæla í Dalvíkurbyggð, sem fékk 35 m.kr. til þriggja ára og Gróðurhús í Öxarfirði sem fékk 2 m.kr.

### Sameiginlegir hagsmunir svæðisins (glæra 4).

Frá síðasta ársþingi hefur verið haldinn samráðsfundur með Íslandsstofu, SSNE og fulltrúum sveitarfélaganna. Spennandi verður að sjá samstarf á milli Íslandsstofu og SSNE vaxa og dafna. Fulltrúi Leigufélgsins Bríetar kynnti starfsemi sína fyrir starfsfólki og fulltrúum SSNE. Auk þess var haldinn morgunverðarfundur um sjókvíaelði á Austfjörðum. Stjórn SSNE fundaði með SAMNOR, samtökum framhaldsskóla á Norðurlandi eystra og er fagnaðarefni að SSNE og SAMNOR hafa ákveðið að vinna meira saman. Þá bókaði stjórn SSNE eftirfarandi vegna fjárlaga 2021:

*„Stjórn SSNE mótmælir því harðlega að framhaldsskólar á Norðurlandi beri verulega skertan hlut frá borði í fjárlögum 2021 sé miðað við aðra framhaldsskóla landsins og að þeir raði sér í neðstu sætin séu prósentuhækkanir milli ára skoðaðar. Framhaldsskólarnir gegna mikilvægu hlutverki í landshlutanum og skipta sköpum fyrir lífsgæði og menntun. Stjórn SSNE skorar á ríkisstjórn að standa ekki aðeins vörð um framhaldsskólana, heldur skapa þeim svigrúm til þess að sækja fram.“*

Stjórn SSNE ræddi frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna flugvallarins í Vatnsmýrinni og bókaði eftirfarandi:

*„Stjórn SSNE leggur áherslu á mikilvægi þess að miðstöð innanlandsflugs verði áfram óskert í Vatnsmýrinni þar til annar eða betri kostur hefur verið tekinn í notkun.“*

Eins og flestum er kunnugt þá stendur til að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands og liggur nú fyrir frumvarp ráðherra um opinberan stuðning við nýsköpun. Eftir að hafa rýnt frumvarpið og átt ýmis samtöl sá stjórn SSNE ástæðu til þess að bóka um óánægju sína með frumvarpið en bókunin er svohljóðandi:

*„Stjórn SSNE telur óásættanlegt að leggja fram jafn loðið og óljóst frumvarp líkt og raun ber vitni. Gríðarlegir hagsmunir eru undir í því að skapa öflugt stuðningskerfi við nýsköpun á landsbyggðunum. Stjórn skorar því eindregið á ráðherra að setja fram skýr mælanleg markmið, árangursmælikvarða, ábyrgðaraðila og fjármögnun. Auk þess er nauðsynlegt að útfæra með hvaða hætti ná skal því markmiði á landsbyggðunum að efla nýsköpun með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila. Þá telur stjórn eðlilegt að í stjórn Tækniseturs í Vatnsmýrinni sé einn stjórnarmaður búsettur utan höfuðborgarsvæðisins, auk þess sem unnið verði að útfærslu á því með hvaða hætti jafna eigi möguleika fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðunum til þess að nýta aðstöðu og sérhæfðan tækjabúnað í Vatnsmýrinni.“*

Sé aukapingið sammála þessari bókun tel ég eðlilegt að leggja til að aukapingið álykti með sambærilegum hætti.

Stofnun áfangastaðastofa hefur verið mikið til umræðu og mun Eyþór, framkvæmdastjóri SSNE, fara nánar yfir stöðu þeirra mála síðar á fundinum.

### **Staða verkefna frá síðasta ársþingi (glæra 5).**

Á ársþingi SSNE, 9. og 10. október sl., voru nokkur mál til umræðu þar sem stjórn var falið að koma með tillögur að úrbótum á aukapingi. Lagt var til að markmiðum og áhersluatriðum í sóknaráætlun yrði fækkað og var stjórn falið að koma með tillögu í þeim efnum. Sú vinna er hafin en vegna mikilla anna starfsfólks óskar stjórn eftir heimild aukapings til að fresta því að tillögurnar komi fram þar til á fyrirhuguðu ársþingi í apríl 2021. Mikil vinna felst í rýni á sóknaráætlun og forgangsroðun markmiða. Mikilvægt er að vanda til verka og vona ég að aukaping sýni því skilning.

Þá fól ársþingið stjórn að skoða sérstaklgea hvort tilefni væri til að stofna fagráð umhverfismála og með hvaða hætti fylgja ætti eftir áherslum í sóknaráætlun er varðar umhverfismál innan SSNE. Á stjórnarfundum miðvikudaginn 9. desember sl. var samþykkt að óska eftir því við aukaping að skipuð yrði undirnefnd umhverfismála og að þingið veitti stjórn heimild til að skipa í hana innan mánaðar.

Stjórn SSNE óskaði eftir því að umhverfis- og auðlindaráðherra ávarpaði aukapingið til þess að ræða bæði mögulegt fjárframlag umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til sóknaráætlunar og

hver staðan væri á fyrirhuguðu frumvarpi um sormál. Auk þess er verið að leggja áherslu á að skilgreina möguleg áhersluverkefni á sviði umhverfismála.

### **Áhersluverkefni (glæra 6).**

Fyrirhugað er að verja um 54 m.kr. í áhersluverkefni á árinu 2021. Þegar unnið hefur verið að endurskoðun á sóknaráætlun og forgangsröðun markmiða ættu ákvarðanir varðandi áhersluverkefni að verða einfaldari til framtíðar.

Þess ber að geta að í fyrradag bárust upplýsingar um að meirihlutinn á þingi ynni að tillögu um breytingu á fjárlagafrumvarpi 2021. Breytingin felur í sér 100 m.kr. tímabundið viðbótarframlag til sóknaráætlana, sem nýtt verði annars vegar til viðspyrnu á svæðum þar sem ferðaþjónustan hefur verið fyrirferðamikil og hins vegar á svæðum sem glímt hafa við einhæft atvinnulíf og fækkun starfa. Þar segir að sóknaráætlanir landshluta hafi sýnt sig sem öflugt fyrirkomulag til að vinna að nýsköpun og atvinnuþróun vítt og breytt um landið. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga og fylgja þar skýru og skilvirku verklagi við ráðstöfun fjármuna. Á yfirstandandi ári hafa verið veittar aukalega í fjárukalögum 200 m.kr. til verkefnisins og hafa þeir fjármunir nýst vel til viðspyrnu á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru. Vonandi nær tillagan fram að ganga en hún er okkur mikil hvatning og viðurkenning. Verði tillagan samþykkt er samt sem óvíst hversu miklir fjármunir skila sér inn á okkar svæði.

### **Áhersluverkefni til skoðunar (glæra 7).**

Stjórn og starfsfólk hafa í samræmi við áskoranir ársþings unnið að undirbúningi nokkurra verkefna sem stjórn telur að komi til greina sem áhersluverkefni. Meðal verkefna eru:

- Velferðartækni. Nú er í skoðun möguleg samvinna með SSNV og verður vonandi hægt að leggja grunn að áframhaldandi vinnu á þeim vettvangi.
- Matvælaklasi. Nú þegar hefur átt sér stað samtal við Matís og stendur til að halda þeim viðræðum áfram.

Árþing var mjög skýrt varðandi áherslu á umhverfismál og horfa bæði stjórn og starfsmenn til þess við undirbúning áhersluverkefna og innra starfs SSNE. Við fyrstu yfirferð starfsmanns SSNE er niðurstaðan sú að almennt þurfi meiri vinnu fleiri aðila til að ákveða hvaða markmiðum skuli stefnt að, upplýsingaöflun sé flókin, verið sé að vinna að málum á mörgum stöðum, lítil samhæfing sé í upplýsingagjöf og að mögulega sé um að ræða tvíverknað í kerfunum. Nokkur verkefni á sviði umhverfismála eru til skoðunar sem áhersluverkefni:

- Gerð sameiginlegrar loftslagsstefnu svæðisins. Samvinna allra sveitarfélaga.
- Stofnun undirnefndar SSNE til að skerpa fókus í málaflokknum, tengja saman hagaðila, gera tillögu að aðgerðaráætlun og meta mælikvarða sóknaráætlunar.
- Skýrsla um kolefnisfótspor landshlutans til að ná utan um heildarlosun og markmiðasetningu.
- Fýsileikakönnun á líforkuveri.

Verkefni á sviði menningar sem hafa verið rædd eru:

- Eftirfylgni vegna möguleika á listnámi á háskólastigi. Unnin verði fýsileikakönnun og haldið málþing.
- Gerð sameiginlegrar safna- og kynningarstefnu fyrir söfn á svæðinu.

Önnur verkefni sem eru ofarlega á blaði þegar áhersluverkefni eru rædd:

- Samgönguáætlun.
- Millilandaflug. Kanna fýsileika þess að sett verði á stofn félag sem muni reka leiguvélar fremur en að stóla á að erlendir aðilar komi inn. Í því verkefni eru reynsluboltar sem ætti að staðfesta trú þeirra á verkefninu; Voigt travel og stjórnendur Super brake.
- Nýsköpunarpakki. Felst m.a. í hröðlum, námskeiðum og kynningum á nýsköpun í landshlutanum. Þess má geta að SSNE er þátttakandi í verkefninu „Ratsjain“ í samstarfi við Íslenska ferðaklasann og RATA en Ratsjain hefur þann tilgang að efla þekkingu og hæfni starfandi ferðaþjónustufyrirtækja og fyrirtækja í tengdum greinum víðsvegar um landið.

Ofangreind verkefni eru til umræðu sem möguleg áhersluverkefni og hvet ég þá, sem hafa aðrar hugmyndir eða telja mikilvægt að einhver þessara hugmynda sé í forgangi, að hafa annað hvort samband við stjórnarmenn SSNE eða framkvæmdastjóra og koma sínum áherslum á framfæri.